

**Nefndasvið Alþingis  
Samgöngunefnd  
b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík**



Reykjavík, 29. apríl 2005.

**Efni: Frv. til I. um br. á I. um fjarskipti, nr. 81/2003 (738. mál).**

Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp en ráðið gerir athugasemdir við eftirfarandi greinar þess:

**7. gr.**

Með tölulið a er lögð til nokkur breyting á rekstrarumhverfi fjarskiptafyrirtækja með því að gera þeim skylt að varðveita upplýsingar um tiltekna fjarskiptanotkun viðskiptavina sinna. Eru þetta upplýsingar sem fram til þessa hafa verið taldar til einkamálefna manna og notið verndar friðhelgi einkalífs. Þegar af þeirri ástæðu telur Verslunarráð mikið í lagt að ætla atvinnulífinu hlutverk í slíkri skerðingu persónuverndar. Þá veita ummæli í greinargerð ekki vísbendingu um að með því væri verið að vernda hagsmuni sem eru miklu mun meiri en hagsmunir manna af því að friðhelgi einkalífsins sé virt.

Varðveiting umræddra gagna í heilt ár er bæði tæknilega erfið, og jafnvel ógjörningur fyrir sum stærri fyrirtæki, og afar kostnaðarsöm. Lítil fjarskiptafyrirtæki meta það svo að kostnaður hlaupi á nokkrum milljónum króna á ári sem erfitt gæti orðið að velta yfir á viðskiptavini. Þykir því einsýnt að einhver fjarskiptafyrirtæki leggi niður tiltekna þjónustu sem hér er fjallað um.

**Verslunarráð leggur til að a liður 7. gr. falli niður.**

**8. gr.**

Verslunarráð veltir því fyrir sér hvort ákvæðið geti hamlað þróun á fjarskiptamarkaði, einkum símatækjamarkaðinum. Eftirspurn neytenda eftir nýjum og hagkvæmari lausnum er óþrjótandi. Einnota símar eru t.a.m. dæmi um þekktu tækni sem getur komið sér vel fyrir neytendum. Verslunarráð telur ekki til bóta ef löggjöf hindrar að íslenskum neytendum

þjóðist ekki öll sú tækni sem í boði er á markaðinum á hverjum tíma. Verslunarráð telur að hér geti aftur verið um það að ræða að vegið sé að meiri hagsmunum fyrir minni.

**9. gr.**

Verslunarráð leggst gegn því að horfið sé frá þeirri meginreglu íslensks réttarfars að friðhelgi einkalífsins verði ekki aflétt án undangengins dómsúrskurðar.

**12. gr.**

Verslunarráð telur óheppilegt að hugtakanotkun og efnilegt inntak hugtaka er varða samkeppni sé allt önnur en almennt á við í samkeppnisrétti. Vísan til markaðsstyrks fyrirtækis veitir litla vísbendingu um stöðu fyrirtækisins og að mati Verslunarráðs er óvarlegt að byggja íþyngjandi reglur á svo víðtæku hugtaki. Rétt er að binda kvaðir sem fylgja tiltekinni stærð fyrirtækja skýrri skilgreiningu um tiltekna markaðshlutdeild, rétt eins og gert er í samkeppnisrétti almennt.

Virðingarfyllst,  
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigríður Á. Andersen.